

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu fyrir Lækjarvelli í Hörgársveit.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 28. apríl 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lækjarvelli. Í breytingunni felst að vesturmörk lóða nr. 1, 3-5, 7, 11, 13, 15 og 17 hliðrast um 7 m til vesturs. Byggingarreitir og leyfilegt byggingarmagn breytast ekki. Í breytingunni felst einnig að hljóðmön meðfram vesturmörkum lóðar nr. 3-5 er færð inn á skipulagsuppdrátt. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hörgársveitar, 29. janúar 2018,*

**Vigfús Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2018